

26
28. febr.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán til virkjunar neðri Sogsfossanna, allt að kr. 158 000 000.00 — eitt hundrað fimmtíu og átta milljónir króna —, eða tilsvarendi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda komi samþykki ríkisstjórnarinnar til.

Ef hentara þykir, getur ríkisstjórnin fyrir hönd ríkissjóðs tekið lán þau, er um ræðir í 1. mgr., og endurlánað þau Sogsvirkjuninni gegn gildum tryggingum.

Sogsvirkjunin er sameign ríkissjóðs og bæjarsjóðs Reykjavíkur, og bera báðir aðilar sameiginlega, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, ábyrgð gagnvart þriðja aðila á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar, en sín á milli bera aðilar ábyrgð á lánnum og öðrum greiðsluskuldbindingum fyrirtækisins í réttu hlutfalli við eignarhlut þeirra á hverjum tíma samkvæmt sameignarsamningi, dags. 30. júlí 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi 1. og 5. gr. laga nr. 28 23. apríl 1946 og önnur ákvæði, er fara í bága við efni þessara laga.

Gjört að Bessastöðum, 28. febrúar 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

27
5. marz

L Ö G

um meðferð opinberra mála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um það, til hvaða mála löginn taka.

1. gr.

Þau mál öll, sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu fara eftir ákvæðum laga þessara, nema þau sæti meðferð sérdómstóla, er lög þessi taka ekki til.

2. gr.

Einnig skulu eftirfarandi mál sæta rannsókn og meðferð samkvæmt lögum þessum: